


12. september 2014

Spáum 0,3% hækkun verðlags í september

Greiningardeild Arion banka spáir 0,3% hækkun á vísitölu neysluverðs (VNV) í september en Hagstofa Íslands birtir mælingu á vísitölunni fimmtudaginn 25. september nk. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan standa í stað milli mánaða og mælast 2,2%. Samkvæmt spánni yrði ársverðbólgan áfram undir verðbólguviðmiði Seðlabankans áttunda mánuðinn í röð. Verðbólgan hefur ekki verið undir markmiði Seðlabankans í lengri tíma síðan 2002 og 2003 en þá var 13 mánaða samfelld skeið þar sem verðbólgan mældist undir markmiðinu. Í september spánni vegur þyngst að útsöluáhrifin halda áfram að ganga til baka og hafa fót og skór því 0,23% áhrif til hækkunar á VNV. Einnig er áætlað að húsnæðisverð hækki í mánuðinum og að húsnæðisliðurinn í heild hafi um 0,1% áhrif til hækkunar á vísitöluna. Á móti vegur að bensín og flugfargjöld lækka í mánuðinum og hafa samtals tæplega 0,1% áhrif til lækkunar á VNV. Sömuleiðis lækkar verð á húsgögnum og heimilisbúnaði og hefur um 0,04% áhrif til lækkunar á vísitöluna. Aðrir undirliðir hafa minni háttar áhrif til hækkunar á VNV.

Uppfærð bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu mánuði felur í sér að VNV hækki um 0,2% í október og nóvember. Í desember er gert ráð fyrir að vísitalan hækki um 0,3% og raungerist spáin mun verðbólgan mælast 2,1% í lok árs. Við höfum því fært verðbólguþáttana niður frá síðustu markaðspunktum en munurinn felst helst í því að útsöluáhrifin ganga hóflegar til baka í september mánuði og einnig lækka ýmsir liðir s.s. bensín, húsgögn og flugfargjöld umfram fyrri spá okkar. Það sama á við í október mánuði en bráðabirgðaspáin gerir nú ráð fyrir minni hækkunum á flestum undirliðum í október en áður var áætlað.

Helstu áhrifapættir í september mánuði




Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014

Helstu atriði í september spánni:

- **Dregur úr hækkunum vegna útsöluáhrifa.** Í ágúst gengu hinar árlegu sumarútsölur til baka hraðar en við áætluðum og hækkuðu fót og skór um 7,84% sem hafði 0,33% áhrif til hækkunar á VNV. Ef lagðar eru saman lækkanir á fötum og skóm í júlí mánuði annars vegar og hækkanir mánuðina á eftir hins vegar eru heildaráhrifin á VNV gjarnan lítil sem engin líkt og sjá má á myndinni að neðan. Eftir miklar hækkanir í ágúst gerum við því ráð fyrir hóflegri hækkun á fötum og skóm í september og spáum 0,23% áhrifum til hækkunar á VNV. **Áhrif á VNV: +0,23%**


Útsöluáhrif

- Föt og skór, áhrif á vísitölu neysluverðs (%)



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014

- Hægir á hækkun húsnæðisverðs.** Við gerum ráð fyrir að fasteignaverð um land allt hækki um 0,5% í mánuðinum og reiknuð húsaleiga hafi um 0,06% áhrif til hækkunar á VNV. Síðustu mánuði hefur dregið úr hækkun húsnæðisverðs líkt og sést á myndunum að neðan, sérstaklega einbýlis innan höfuðborgarsvæðisins og fasteigna utan höfuðborgarsvæðisins. Við gerum ráð fyrir að svipuð þróun haldi áfram út árið þar sem hækkanir á fasteignamarkaði verða aðallega á fjölbýli innan höfuðborgarinnar. Gert er ráð fyrir að greidd húsaleiga og aðrir liðir vegna húsnæðis hafi um 0,04% áhrif til hækkunar á VNV í mánuðinum. **Áhrif á VNV: +0,1%.**



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar f. 2014

- Minni liðir hafa áhrif til hækkunar.** Gert er ráð fyrir að ýmsir undirliðir hafi minni háttar áhrif til hækkunar á vísitölu neysluverðs. Helst er að nefna að matarkarfan og tómstundir og menning hækka lítillega og hafa 0,03% áhrif til hækkunar á VNV. Aðrir liðir hækka minna og hafa lítil áhrif á VNV. Á móti vegur að húsgögn og heimilisbúnaður lækka og hafa um 0,04% áhrif til lækkunar á vísitölu. Nýverið kom fram að IKEA lækkar vöruverð að meðaltali um 5% og eru helstu ástæðurnar sterkara gengi krónunnar og lægri flutningskostnaður. **Áhrif á VNV: +0,05%.**
- Eldsneytisverð og flugfargjöld lækka.** Samkvæmt mælingum Greiningardeildar lækkar 95 oktana bensín um 0,8% milli mánaða og sömuleiðis lækkar díselolía um 0,4%. Við gerum því ráð fyrir að eldsneytisverð hafi samtals 0,03% áhrif til lækkunar á VNV. Ef litið er til heimsmarkaðsverðs á olíu hefur það einnig lækkað milli mánaða á sama tíma og gengi krónunnar hefur staðið í stað. Við gerum því ráð fyrir að flugfargjöld lækki í mánuðinum og hafi 0,06% áhrif til lækkunar á VNV. **Áhrif á VNV: -0,09%.**

Bráðabirgðaspá – væg verðlagsáhrif af fjárlagafrumvarpi


Fjármála- og efnahagsráðherra lagði fram frumvarp til fjárlaga 2015 á Alþingi þriðjudaginn 9. september sl. og komu þar fram fyrirhugaðar skattbreytingar sem taka gildi í ársbyrjun 2015. Einnig er lagt mat á verðlagsáhrifin af fjárlagafrumvarpinu og er áætlað að það hafi 0,2% áhrif á VNV til lækkunar. Í nýlegum [markaðspunkti um fjárlagafrumvarpið](#) fjöllum við um verðlagsáhrifin og bendum þar á þann möguleika að verðlagsáhrifin kunni að verða meiri en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Tekjuaðgerðir fjárlagafrumvarpsins í heild sinni vekja að minnsta kosti spurningar um hver endanleg verðlagsáhrif verða og hvaða áhrif frumvarpið muni hafa á kjaraviðræður framundan. Að okkar mati hefði afkomubati frumvarpsins getað verið ívið meiri og áhersla á niðurgreiðslu hreinna skulda ákveðnari. Verðlagsáhrif frumvarpsins koma þó að mestu fram í byrjun næsta árs og gerum við því áfram ráð fyrir litlum verðbólguþrýstingi framundan. Jafnvel gætu lækkanir á ýmsum vörum vegna afnáms almennra vörugjalda komið fram fyrir áramót.

Í bráðabirgðaspá Greiningardeildar til næstu þriggja mánaða er gert ráð fyrir að eldsneytisverð standi í stað og að gengi krónunnar haldist stöðugt. Gert er ráð fyrir lágrí verðbólgu næstu mánuði og að hún nái hámarki í 2,4% í október en fari svo lækkandi og standi í 2,1% í árslok. Gangi spáin eftir hefur verðbólgan verið undir verðbólguþrýstingi Seðlabankans 11 mánuði í röð.

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Október +0,2%.** Við áætlum að ýmsir undirliðir VNV hækki lítillega í mánuðinum. Helstu liðir sem hækka eru húsnæðisliðurinn en einnig koma til liðir s.s. ferðaliðurinn og tólmstundir og menning. Nokkur óvissa er þó um hver hækkunin verður í október en spáin gerir ráð fyrir hóflegri hækkun í ljósi þess hve lítill verðbólguþrýstingur er um þessar mundir.
- **Nóvember +0,2%.** Við áætlum að frekar litlar breytingar verði á verðlagi í mánuðinum en að fasteignaverð haldi áfram að hækka í svipuðum takti og það sem af er ári.
- **Desember +0,3%.** Við áætlum að frekar litlar breytingar verði á verðlagi í mánuðinum en að húsnæðisliðurinn haldi áfram að hækka í svipuðum takti og það sem af er ári.

Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

[Hér má finna fyrirvara](#)